



**U S T**

**Umhverfisstofnun**

Environment and Food Agency of Iceland

ÍS. Suðurlandsbraut 24  
IS - 108 Reykjavík, Ísland

Tel: (+354) 591 2000  
Fax (+354) 591 2010  
[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)  
[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Garðabær-Bæjarskrifstofur  
Bergljót Einarsdóttir,  
skipulagsfulltrúj  
Garðatorgi 7  
210 Garðabæ

Reykjavík, 15. ágúst 2005  
Tilvísun: UST20050800017/sf

## Tillaga að endurskoðun aðalskipulags Garðabæjar

Vísað er til erindis Garðabæjar, dags. 22. júní sl., þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að endurskoðun aðalskipulags Garðabæjar 2004-2016. Umhverfisstofnun vill koma á framsæri eftirfarandi ábendingum og athugasemdum við skipulagstillöguna.

### Náttúruvernd

Í greinargerð aðalskipulagstillögunnar segir m.a.:

„Náttúruverndarsvæði eru í samræmi við lög nr. 44/1999 um náttúruvernd. Í þeim er meðal annars fjallað um nokkrar gerðir verndarflokkja þ.e. þjóðgarða, friðlönd, fólkvanga og náttúrvætti. Einnig er fjallað um svæði og náttúrumyndanir sem eru á náttúruminjaskrá svo og afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar samkvæmt lögum um náttúruvernd.“ Umhverfisstofnun bendir á að réttara orðalag væri að náttúruverndarsvæði eru samkvæmt skilgreiningu í 3. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd:

- Friðlýst svæði, þ.e. þjóðgarðar, friðlönd, fólkvangar, og náttúrvætti.
- Önnur svæði og náttúrumyndanir sem eru á náttúruminjaskrá.
- Afmörkuð svæði á landi og sjó sem njóta verndar samkvæmt öðrum lögum vegna náttúru eða landslags.

Þá má benda á að náttúruminjar eru náttúruverndarsvæði og lífverur, búsvæði þeirra, vistgerðir og vistkerfi sem eru á náttúruminjaskrá, sbr. skilgreiningu í 3. gr. laga um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun bendir á að þau svæði sem eru á náttúruminjaskrá eru ekki sýnd á aðalskipulagsuppdrætti en samkvæmt gr. 4.19 í skipulagsreglugerð skal í aðalskipulagi auðkenna og gera grein fyrir náttúruverndarsvæðum, staðsetningu þeirra og helstu einkennum, hvaða landnotkun er fyrirhuguð á svæðunum og hvaða reglur gilda á hverju þeirra um umgengni og mannvirkjagerð. Þá skal gera grein fyrir hvaða landnotkun er fyrirhuguð á náttúruverndarsvæðum og hvernig hún fellur að reglum sem gilda á hverju svæði fyrir sig.

Í umfjöllun um „friðlýst svæði“ á bls. 16 í greinargerð aðalskipulagstillögunnar eru tiltekin

nokkur svæði sem voru friðlýst 1964. Þar segir einnig að lagðar hafi verið fram tillögur um friðlysingu nokkurra annarra svæða og náttúrufyrirbrigða í bænum.

Umhverfisstofnun telur að rétt fram komi um hvers konar friðlýst svæði er að ræða, s.s. hvort um er að ræða friðlýstar formleifar o.s.frv. Jafnframt telur stofnunin að fram mætti koma hver þau svæði og náttúrufyrirbrigði eru sem lagt hefur verið til að verði friðlýst og einnig hvort unnið sé að friðlysingu þeirra.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt náttúruverndaráætlun 2004-2008 sem samþykkt var á 130. löggjafarþingi skal unnið að friðlysingu fjara og grunnsævis við Álftanes og Skerjafjörð á næstu árum. Hluti þessa svæðis er innan marka Garðabæjar. Umhverfisstofnun telur að fjalla eigi um náttúruverndaráætlunina og framangreint svæði í aðalskipulagstillögunni. Jafnframt telur Umhverfisstofnun rétt að fram komi í greinargerð að í skýrslu Umhverfisstofnunar *Náttúruverndaráætlun 2004-2008*. *Aðferðafræði* er lagt til að Búrfell, Búrfellsgjá og Selgjá ásamt jaðarsvæði verði friðlýst. Svæðið er þó ekki meðal þeirra svæða sem eru á náttúruverndaráætlun 2004-2008 sem samþykkt var á 130. löggjafarþingi.

### **Jarðmyndanir og vistkerfi**

Umhverfisstofnun bendir á að í greinargerð með aðalskipulagstillögunni er ekki fjallað sérstaklega um jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og forðast skal að raska eins og kostur er. Um er að ræða eftirtaldar jarðmyndanir og vistkerfi:

- a. eldvörp, gervigígar og eldhraun,
- b. stöðuvötn og tjarnir,  $1.000 \text{ m}^2$  að stærð eða stærri,
- c. mýrar og flóar, 3 hektarar að stærð eða stærrí,
- d. fossar, hverir og aðrar heitar uppsprettur, svo og hrúður og hrúðurbreiður,  $100 \text{ m}^2$  að stærð eða stærri,
- e. sjávarfitjar og leirur.

Umhverfisstofnun vekur athygli á því að samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd skal leita umsagnar stofnunarinnar og náttúruverndarnefndar áður en veitt er framkvæmda-eða byggingarleyfi til framkvæmda sem hafa í för með röskun framangreindra jarðmyndana og vistkerfa, nema fyrir liggi aðalskipulag samþykkt eftir gildistöku laga um náttúruvernd þar sem umsögn fyrrgreindra aðila liggur fyrir. Vegna þessa verður við gerð aðalskipulags að gera sérstaka úttekt á jarðmyndunum og vistkerfum sem falla undir 37. gr. laga um náttúruvernd og sýna staðsetningu þeirra á skipulagsuppdrátti eða sérstökum þemakortum með skipulaginu. Liggi slik úttekt ekki fyrir er nauðsynlegt að setja þann fyrirvara í aðalskipulagi að leita skuli umsagnar Umhverfisstofnunar um framkvæmdir þegar hætta er á að jarðmyndunum og vistkerfum skv. 37. gr. laga um náttúruvernd verði raskað, þrátt fyrir að aðalskipulagið sé samþykkt eftir gildistöku laganna.

Rétt er að benda á að í 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd er með eldhraunum ekki eingöngu átt við hraun sem runnið hafa á sögulegum tíma. Í athugasemdum við frumvarp til laga um náttúruvernd kemur fram að útbreiddar landslagsgerðir á Íslandi sem teljast sérstakar á heimsmælikvarða eru fyrst og fremst gosmyndanir frá nútíma og síðasta hlýskeiði ísaldar. Af þeim sökum er talin ástæða til að umgangast slík landsvæði með sérstakri varúð.

Samkvæmt tillögu að endurskoðun aðalskipulags Garðabæjar 2004-2016 er gert ráð fyrir aukinni byggð í Gálgahrauni/Garðahrauni frá því sem ráð er fyrir gert í núgildandi aðalskipulagi. Umhverfisstofnun telur að betur færi á því að hlifa hrauninu við raski og nýta það sem útvistarsvæði, enda hefur hraunið sem slíkt mikið útvistargildi fyrir

höfuðborgarbúa, ekki síst fyrir íbúa nærliggjandi hverfa. Jafnframt er um að ræða jarðmyndun sem njóta skal sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun telur að minnka eigi það svæði sem skilgreint er sem verslunar- og þjónustusvæði við Urriðaholt til að draga úr raski á hrauninu og hlífa votlendi við Urriðavatn við raski, sbr. umsögn stofnunarinnar frá 9. maí sl.

### Hverfisvernd

Samkvæmt aðalskipulagstillöggunni er gert ráð fyrir að nokkur svæði njóti hverfisverndar, þ.a.m. Balatjörn. Umhverfisstofnun vekur athygli á því að Balatjörn er þó ekki merkt sem hverfisverndarsvæði á skipulagsuppdætti.

### Aðgengi meðfram sjó, ám og vötnum

Í umfjöllun um íbúðabyggð á Garðaholti (sjá bls. 10 í greinargerð) kemur m.a. fram að við strönd að suðvestanverðu eru mörk byggðar dregin um 50 m frá bökkum ofan við fjörur. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að við skipulagningu nýrrar íbúðabyggðar verði þess gætt að gera ráð fyrir belti meðfram ám (lækjum), vötnum og sjó, allt að 100 m breiðu, þar sem ekki er gert ráð fyrir öðrum mannvirkjum en þeim sem tengjast útvist. Stofnunin bendir á að með því er tryggt aðgengi almennings meðfram þessum svæðum, auk þess sem ekki er þrengt að svæðunum og tryggt að þau haldi verndar- og útvistargildi sínu og nýtist til fræðslu. Það væri jafnframt í samræmi við meginmarkmið aðalskipulagstillögunnar en samkvæmt því er lögð áhersla á varðveislu óspilltrar náttúru og tengsl byggðar við náttúrulegt umhverfi og jafnframt að stuðlað verði að greiðu aðgengi að náttúrunni og fræðslu, til dæmis með stígum um útvistarsvæði og miðlun upplýsinga um það sem fyrir augu ber. Þá er eitt af undirmarkmiðum að unnið verði að verndun náttúruminja og friðun þeirra þar sem þess er þörf og lögð áhersla á ósnortin strandsvæði, votlendi, sérstök gróðursvæði og svæði sem mikilvæg eru fyrir fuglalíf auk þeirra svæða sem skipta máli fyrir almenna útvist og náttúruskoðun. Þá er lögð áhersla á fjörur sem útvistarsvæði.

### Skógrækt

Í greinargerðinni kemur fram eiginlegri gróðursetningu sé að mestu lokið á núverandi skógræktarsvæðum og að Skógræktarfélag Garðabæjar undirbúi nú skógrækt í Leirdal sunnan Bláfjallavegar. Í greinargerðinni segir einnig: „*Á undansörnum árum hefur verið veruleg aukning í skógrækt og er gert ráð fyrir að hún verði áfram stunduð á holtunum ofan byggðar, en í hraununum fái að þróast það gróðurfar sem kemur í kjölfar friðunar fyrir beet.*”

Umhverfisstofnun telur ánægjulegt að ekki er gert ráð fyrir skógrækt í hraunum heldur náttúrulegri gróðurframvindu. Stofnunin telur nauðsynlegt að öll skógræktarsvæði, bæði núverandi skógræktarsvæði og svæði sem fyrirhugað er að nýta í framtíðinni, verði sýnd á skipulagsuppdætti eða á sérstöku þemakorti.

Umhverfisstofnun bendir á að í umfjöllun um skógrækt í greinargerð segir m.a. að taka skuli tillit til jarðmyndana og vistkerfa sem njóta verndar skv. 37. gr. náttúruverndarlagar nr.

44/1999. Umhverfisstofnun telur óljóst hvað átt er við með þessu og telur að fram ætti að koma með hvaða hætti taka skuli tillit til þeirra jarðmyndana og vistkerfa. Að mati

Umhverfisstofnunar er nauðsynlegt að sett verði fram skýr stefnumörkun varðandi skógrækt í aðalskipulagsáætlunum og sett verði fram sértæk markmið eða skilyrði varðandi skógrækt, s.s. að skógrækt spilli ekki kennileitum í landslagi, jarðmyndunum og búsetuminjum; þess verði gætt að planta ekki alveg niður undir vatnsbakka; ekki verði plantað í myrlendi og þess

gætt að ekki skapist hætta á þurkun tjarna og annarra votlendissvæða; a.m.k. 30 – 50 m svæði frá vatni og votlendi verði undanskilið skógrækt.

Umhverfisstofnun bendir einnig á að skv. 10 gr. reglugerðar nr. 583/2000 um innflutning, ræktun og dreifingu útlendra plöntutegunda er öll ræktun útlendra tegunda hér á landi óheimil á friðlýstum svæðum, á jarðmyndunum og vistkerfum er njóta sérstakrar verndar skv. 37 gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd og alls staðar ofan 500 metra hæðar yfir sjó. Mikilvægt er að vísa til ofangreindrar reglugerðar í greinargerð skipulagsins. Jafnframt þarf að koma fram að samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er nýræktun skóga á 200 ha svæði eða stærra eða á verndarsvæðum tilkynningarskyld og kann hún að vera háð mati á umhverfisáhrifum.

### **Stígar**

A aðalskipulagsuppdrætti eru sýndir stofnstígar og útvistarstígar, sbr. skýringar á uppdrættinum. Í umfjöllun um stíga í greinargerð aðalskipulagsins kemur þó fram að gert er ráð fyrir þremur gerðum stíga, þ.e. stofnstígum, tengistígum og útvistarstígum. Að mati Umhverfisstofnunar væri rétt að sýna allar gerðir stíga á skipulagsuppdrættinum.

Umhverfisstofnun bendir á að inni á hraunsvæðum er m.a. gert ráð fyrir stofnstígum en það eru skv. aðalskipulaginu stígar sem eru megin göngu- og hjólaleiðir sem mynda samhangandi net. Þeir eru malbikaðir í a.m.k. 2,5 m breidd og raflýstir. Lagning þessara stíga veldur því nokkru raski á hraunum og því telur Umhverfisstofnun æskilegt að þeir verði lagðir sem næst þeim mannvirkjum sem fyrir eru, s.s. vegum, til að halda breidd mannvirkjabelta í lágmarki. Æskilegt væri að endurskoða legu stofnstíga m.t.t. þessa. Jafnramt bendir Umhverfisstofnun á að æskilegast væri að miða við að á eldhraunum verði lagðir útvistarstígar, sbr. umfjöllun um stíga í greinargerð aðalskipulagsins.

Umhverfisstofnun bendir á að í Gálghakrauni, norðan Álfanesvegar, liggja stofnstígar og útvistarstígar svo til samhliða á nokkuð löngum kafla skv. skipulagsuppdrætti. Slíkt tvöfalt stígakerfi kallar á enn meira rask á hrauninu og er vandséð að þörf sé á tveimur stígum á þessum kafla svo nærrí hvorum öðrum. Að mati Umhverfisstofnunar ætti að leggja áherslu á að vernda þann hluta hraunsins sem eftir er óraskaður og halda mannvirkjagerð í lágmarki, þ.m.t. stígagerð.

### **Skilgreining vatnsgæða og flokkun vatns**

Í greinargerð aðalskipulagstillögunnar er kafli er nefnist „*Verndarsvæði vegna grunnvatns – strandmengunar og mengunar í ám og vötnum*“ (sjá bls. 18).

Umhverfisstofnun bendir á að nýjar reglugerðir er varða mengunarvarnir hafa tekið gildi frá gildistöku skipulagsreglugerðar nr. 400/1998 og er því umfjöllun í gr. 4.21 í skipulagsreglugerð ekki í samræmi við nágildandi reglugerðir. Í nágildandi reglugerðum eru til dæmis ekki skilgreind „*verndarsvæði vegna mengunar í ám og vötnum*“. Með hliðsjón af nágildandi reglugerðum um mengunarvarnir væri rétt að heiti kaflans væri „*Skilgreining vatnsgæða og flokkun vatns*“.

Í greinargerð kemur m.a. fram gert sé ráð fyrir að öll strandsvæði í bænum verði í flokki I sbr. gr. 4.21 í skipulagsreglugerð og verði sett langtíma markmið um ástand þeirra.

Umhverfisstofnun bendir á að strandverndarsvæði eins og vísað er til hér byggir á gömlum reglum. Sú flokkun var aflögð við lögleiðingu reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og ný aðferðafræði tekin upp.

Samkvæmt IV. kafla reglugerðar nr. 796/1999 m.s.br. um varnir gegn mengun vatns skulu heilbrigðisnefndir flokka yfirborðsvatn og grunnvatn, í samræmi við 9. og 10. gr. reglugerðarinnar og skulu á skipulagsuppdrætti aðalskipulags koma fram langtíma markmið. Einnig skal kortleggja svæði viðkvæm fyrir mengun og menguð svæði, sbr. 11. gr. reglugerðar nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og 9. gr. reglugerðar nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri. Umhverfisstofnun hvetur til þess að sett verði fram **tímasett markmið** varðandi það hvernig ákvæði reglugerðanna verða uppfyllt.

Umhverfisstofnun bendir á að sýna verður vatnsverndarsvæði á skipulagsuppdrættinum, þ.e. brunnsvæði, grannsvæði og fjarsvæði. Í umfjöllun um vatnsverndarsvæði í greinargerð aðalskipulagsins er vísað til svæðisskipulags verndarsvæða og vatnsbóla á höfuðborgarsvæðinu. Umhverfisstofnun telur að í þeirri umfjöllun ætti einnig að vísa til gildandi reglugerða er varða verndun neysluvatns, sbr. reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn, sjá og reglugerð nr. 533/2001, um breytingu á reglugerð nr. 796/1999, um varnir gegn mengun vatns. Þá telur stofnumin að í greinargerð ætti að koma skýrt fram hvaða svæði innan sveitarfélagsins eru skilgreind sem grannsvæði eða fjarsvæði.

### Sorpförgunarsvæði

Umhverfisstofnun bendir á að komin er út landsáætlun um meðhöndlun úrgangs 2004-2016 í samræmi við lög nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Landsáætlunin er almenns eðlis og m.a. til leiðbeiningar fyrir sveitarfélög varðandi svæðisbundna áætlanagerð sem á að vera lokið fyrir 1. apríl 2005.

Umhverfisstofnun telur rétt að fram komi í greinargerð hvernig þeirri vinnu fram vindur hjá sveitarfélaginu.


### Fráveita

Í umfjöllun um fráveitu í greinargerð aðalskipulagstillögunnar er vísað til þess að frágangur viðhald og rekstur rotþróa skuli vera í samræmi við leiðbeinignar Hollustuverndar ríkisins. Bent er á að Umhverfisstofnun tók við hlutverki Hollustuverndar ríkisins frá og með 1. janúar 2003. Einnig hafa verið gefnar út nýjar leiðbeiningar um rotþrær og siturlagnir.

### Mat á umhverfisáhrifum

Umhverfisstofnun áskilur sér rétt til athugasemda við þær framkvæmdir sem falla undir lög nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum á síðari stigum.

Virðingarfyllst  
  
Sigurður Friðrikssdóttir  
fagsviðsstjóri

  
Helgi Jónasson  
forstöðumaður framkvæmda-  
og eftirlitssviðs

Afrit: Skipulagsstofnun.